

Skólastarf í Auðarskóla í samkomubanni

Frá og með 18. mars 2020 hefur verið unnið í Auðarskóla eftir þeim tilmælum sem kveða á um skólalald í samkomubanni. Gott samstarf hefur verið við sóttvarnarlækni, heilsugæslu og viðbragðsteymi Dalabyggðar um útfræslu skólstarfs í Auðarskóla eftir að samkomubannið var sett á. Einnig hefur verið haft samráð við aðra skóla á Vesturlandi um útfærslur.

Í byrjun var ákveðið að bjóða ekki uppá gæslu eða lengda viðveru fyrir grunnskólanemendur. Þá var einnig ákveðið að loka tónlistarskólanum.

Mötuneytið er opið alla daga en þar gilda mjög strangar umgengisreglur.

Í grunnskólanum var það strax ákveðið að unglिंगastigið (8.-10.bekkur) yrði í heimakennslu. Síðan var nemendum skipt í 6 kennsluhópa, þrjá á miðstigi og þrjá á yngsta stigi. Hver hópur var með sérinngang og samgangur á milli þeirra enginn, t.d. kom bara einn hópur í einu í morgun- og hádegismat. Mánudaginn 23.mars var skólaakstur felldur niður tímabundið og var sú ákvörðun staðfest endanlega 24. mars. Við það fækkaði nemendum töluvert og 25. mars var hópunum fækkað niður í fjóra, tvo á hvoru stigi. Enginn samgangur er á milli starfsfólks sem er með hópa á miðstigi og yngsta stigi. Eins og staðan er í dag hafa á bilinu 20 til 30 nemendur verið að mæta í grunnskólann. Vel hefur gengið að vinna eftir því skipulagi sem er í gangi. Í upphafi var ákveðið að grunnskólinn yrði opinn frá 8:30 til 13:40 (á föstudögum er opið til 12:30). Eftir að við sameinuðum hópa ætti þetta skipulag að geta gengið í næstu viku.

Í leikskólanum var unnið með hópa í þremur rýmum og var starfsfólki deilt niður á þessi rúmi. Strax var ákveðið að fella niður skólaakstur fyrir leikskólanemendur og því varð strax smá fækkun í leikskólanum. Nemendur í leikskólanum fá ennþá hádegismat úr mötuneyti. Reynt er að taka eins mikið fyrir samskipti á milli starfsfólks og hægt er í leikskólanum. Þar eru aðstæður hins vegar þrengri en í grunnskólanum, t.d. er bara eitt salerni fyrir starfsfólk. Eftir 25. mars sáum við að það þyrfti að fækka nemendum í leikskólanum og þá var gripið til þess ráðs að biðja þá foreldra sem gætu verið með sín börn heima að gera það. Við höfum verið í góðu samráði við foreldra. Núna erum við með tvo hópa í leikskólanum og notum tvö rými. Sá nemendahópur sem er á leikskólanum núna eru 10-11 nemendur og falla þau nánast öll undir viðmið stjórnvalda um forgangshóp. Því væri ekki hægt að minnka þjónustuna þar meira. Í upphafi var lagt upp með það að hafa leikskólann opinn frá 8:00 til 14:00 og hefur það gengið alla daga síðan 18. mars. Við gerum ráð fyrir að þetta skipulag ætti að geta gengið áfram í næstu viku.

Enginn samgangur er á milli þeirra þriggja deilda Auðarskóla sem eru opnar; leikskóla, grunnskóla og mötuneytis. Byggingum skólans hefur verið lokað fyrir aðra en nemendur og starfsfólk nema þá sem eiga þar brýnt erindi og þarf þá leyfi skólastjóra til að koma inn.

Við höfum reynt að tilkynna foreldrum tímanlega um allar breytingar en það gefur auga leið að breytingar geta orðið snögglega t.d. með forföllum starfsfólks og þá þarf að hafa hópa heima.



Verði ákveðið að skerða skólastarfið frekar er rétt að horfa til þess að í leikskólanum erum við, eins núna næstum eingöngu sem skilgreindan forgangshóp í skólanum. Í grunnskólanum ákváðu stjórnvöld að 1.-2. bekkur ætti líka að taka við skilgreindum forgangshóp. Við höfum ekki kallað eftir að foreldrar í grunnskólanum sæki um það líklega myndu 5-6 nemendur falla undir forgangshópinn í 1.-2. bekk. Við myndum vilja forðast það að hafa alla forgangsnemendur í einum hóp og æskilegast væri að halda tveimur hópum á yngsta stigi. Miðstig er núna að stórum hluta til í fjarkennslu (það voru 7 nemendur á miðstigi föstudaginn 27.mars) og með því að senda alla nemendur á miðstigi í heimakennslu myndi verða meira svigrúm fyrir kennara til þess að sinna heimakennslunni. Aftur á móti er erfitt að meta hvaða áhrif það hefði að loka miðstiginu því líklega yrði það flókið fyrir einhver heimilli sem hafa sent sín börn alla daganna í samkomubanninu.

Skólastarfið í þessari mynd hefur gengið vel og á starfsfólk skólans mikið hrós skilið fyrir að halda yfirvegum og skapa rólegt andrúmsloft við erfiðar aðstæður.

Hlökkver Ingi Gunnarsson
Skólastjóri
Auðarskóla